

75

19. apríl

AUGLÝSING**um afnám vegabréfsáritana.**

Með orðsendingum sendiherra Íslands og sendiherra Írlands í London, dags. 30. marz og 12. apríl 1949, hafa vegabréfsáritanir vegna ferðalaga milli Íslands og Írlands verið felldar niður frá 12. apríl 1949 að telja.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 19. apríl 1949.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

76

31. maí

AUGLÝSING**um viðskiptasamning milli Íslands og Tékkóslóvakíu.**

Hinn 16. febrúar 1949 var undirritaður í Prag viðskiptasamningur milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Samkvæmt samningi þessum, er gildir frá 1. marz 1949 til 30. apríl 1950, selja Íslendingar Tékkum hraðfrystan fisk, fiski- og síldarmjöl, lýsi, gærur, saltsíld, niðursoðnar fiskafurðir, ull, loðskinn, hreistur og sútuð fiskroð.

Frá Tékkóslóvakíu verða keyptar meðal annars eftirtaldar vörur: sykur, vefnaðarvörur ýmiss konar, skófatnaður, byggingarvörur, vélar og verkfæri, hjólbarðar og búsaðhöld.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 31. maí 1949.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

AUGLÝSING**um viðskiptasamning milli Íslands og Hollands.**

77

31. maí

Hinn 17. desember s. l. var undirritaður í Haag viðskiptasamningur milli Íslands og Hollands, og er aðalefni hans sem hér segir:

1. Ríkisstjórnir Íslands og Hollands skulu gefa út nauðsynleg leyfi á tímabilinu frá 1. desember 1948 til 30. nóvember 1949, fyrir vörum, útfluttum frá Íslandi til Hollands, samkvæmt lista I, sem fylgir samningnum, og skal þar ráða magn það eða upphæð, sem talið er á eftir hverri vörutegund.
2. Ríkisstjórn Íslands skal gefa út gjaldeyris- og innflutningsleyfi, en ríkisstjórn Hollands útflutningsleyfi fyrir vörum, sem keyptar verða í Hollandi á tímabilinu frá 1. desember 1948 til 30. nóvember 1949, og skulu þau nema sömu